

## 5. gr.

Heimilt er að meta kennslureynslu til 15 eininga af 30 eininga námi í uppeldis- og kennslufræðum enda hafi viðkomandi að minnsta kosti 5 ára starfsreynslu sem kennari og hafi náð góðum árangri í kennslu að mati viðkomandi skólustjóranda/-stjórna.

**Um mat á umsóknum.**

## 6. gr.

Leiki vafi á hvort umsækjandi um leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari uppfylli skilyrði laganna og þessarar reglugerðar leitar ráðuneytið umsagnar matsnefndar. Nefndin metur umsóknir með hliðsjón af þeim kröfum sem gerðar eru til kennara hér á landi samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum. Telji nefndin að umsækjandi uppfylli ekki skilyrði laga skal hún tilgreina hvað á vantar.

Nefndin skilar rökstuddri umsögn til menntamálaráðherra. Í umsögninni skal vísað til þess lagaákvæðis sem nefndin byggir mat sitt á.

**Um ráðningu sérfræðinga.**

## 7. gr.

Skólameistara er heimilt að ráða sérfræðing tímabundið til að kenna sína sérgrein. Starfið má þó ekki fara umfram 6 kennslustundir á viku. Sérfræðingurinn skal hafa fullnægjandi fagmenntun í viðkomandi grein eða á viðkomandi sviði að mati skólameistara en ekki er áskilið að hann hafi hlotið tilskylda menntun í uppeldis- og kennslufræðum.

**Ýmis ákvæði.**

## 8. gr.

Gjaldtaka og útgáfa á leyfisbréfi, samkvæmt þessari reglugerð, fer eftir lögum nr. 88/1991 um aukatekjur ríkissjóðs.

**Um setningu reglugerðar og gildistöku.**

## 9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 11., 12., 14. og 15. gr. laga nr. 86/1998 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólustjóra og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 27. nóvember 1998.*

**Björn Bjarnason.**

\_\_\_\_\_  
*Pórunn J. Hafstein.*

**REGLUGERÐ****um lögverndun á starfsheiti grunnskólakennara.**

## 1. gr.

*Útgáfa leyfisbréfa.*

Rétt til að nota starfsheitið grunnskólakennari og til að starfa sem slíkur hér á landi við grunnskóla á vegum opinberra aðila eða aðra hliðstæða skóla, sbr. lög nr. 66/1995 um grunnskóla, hefur sá einn sem til þess hefur leyfi menntamálaráðherra.

Menntamálaráðherra gefur út leyfisbréf handa grunnskólakennurum samkvæmt lögum nr. 86/1998 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.

Umsóknir um leyfisbréf skulu sendar menntamálaráðuneytinu á þar til gerðum eyðublöðum.

## 2. gr.

### *Skilyrði fyrir útgáfu leyfisbréfs.*

Umsækjandi sem uppfyllir skilyrði 2. gr. laga nr. 86/1998 á rétt á að nota starfsheitið grunnskólakennari og starfa sem slíkur í grunnskólum hér á landi.

Umsækjandi um leyfi til þess að nota starfsheitið grunnskólakennari skal leggja fram, ásamt umsókn, skírteini um lokapróf, yfirlit yfir námsferil og auk þess lýsingu á einstökum námsáföngum sem hann hefur lokið sé þess óskað. Umsækjandi skal leggja fram próf- og námsgögnum frá erlendum skólum ef um slík próf er að ræða og löggilta þýðingu á prófgögnum ef fram á það er farið.

Heimilt er að meta kennslureynslu sem 15 eininga hluta af kennslufræði til kennsluréttinda enda hafi viðkomandi að lágmarki fimm ára kennslureynslu með góðum árangri að mati viðkomandi skólastjóra samkvæmt skriflegri umsögn hans.

## 3. gr.

### *Matsnefnd.*

Leiki vafi á hvort umsækjandi um leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari uppfylli skilyrði 2. gr. laga nr. 86/1998 og ákvæði þessarar reglugerðar, skal leita umsagnar matsnefndar samkvæmt 4. gr. laga nr. 86/1998.

Nefndin metur umsóknir með hliðsjón af kröfum laga og reglugerða um menntun og starfsreynslu grunnskólakennara.

Nám umsækjanda skal metið í námseiningum þar sem hver eining jafngildir námsvinnu einnar viku.

Telji nefndin að umsækjandi uppfylli ekki skilyrði laga og reglugerða skal hún tilgreina hvað á vantar.

Matsnefndin er ráðgefandi og skilar rökstuddri umsögn til menntamálaráðherra.

## 4. gr.

### *Ýmis ákvæði.*

Menntamálaráðherra skal staðfesta leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari samkvæmt umsókn ríkisborgara frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins ef viðkomandi leggur fram vottorð um viðurkennd kennsluréttindi í ríki innan svæðisins í samræmi við skilyrði tilskipunar nr. 89/48/EBE, sbr. lög nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með áorðnum breytingum.

Skólastjórar skulu, eftir því sem kostur er, sjá til þess að grunnskólakennarar í 8.-10. bekk kenni þær greinar sem þeir hafa sérhæft sig í.

Um gjaldtöku vegna útgáfu leyfisbréfa samkvæmt reglugerð þessari fer samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

5. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum í 2., 4. og 5. gr. laga nr. 86/1998 um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 27. nóvember 1998.*

**Björn Bjarnason.**

*Þórunn J. Hafstein.*

## AUGLÝSING

**um nafn á sveitarfélagi því sem til varð við sameiningu  
Borgarhafnarhrepps, Bæjarhrepps, Hofshrepps og Hornafjarðarbæjar.**

1. gr.

Nafn hins nýja sveitarfélags, sem til varð á grundvelli auglýsingar nr. 234/1998, skal vera Sveitarfélagið Hornafjörður.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 25. nóvember 1998.*

**Páll Pétursson.**

*Sesselja Árnadóttir.*

## AUGLÝSING

**um nafn á sveitarfélagi því sem til varð við sameiningu  
Fljótahrepps, Hofshrepps, Hólahrepps, Lýtingsstaðahrepps, Rípurhrepps,  
Sauðárkrókskaupstaðar, Seyluhrepps, Skarðshrepps, Skefilsstaðahrepps,  
Staðarhrepps og Viðvíkurhrepps.**

1. gr.

Nafn hins nýja sveitarfélags, sem til varð á grundvelli auglýsingar nr. 229/1998, skal vera Sveitarfélagið Skagafjörður.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 25. nóvember 1998.*

**Páll Pétursson.**

*Sesselja Árnadóttir.*